



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Lagt fyrir 387. fund velferðarráðs þann 2. desember 2020

VEL2020040020

RÁ/kg/hjb

Tillaga

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni tillögu: Breytingar á reglum um fjárhagsaðstoð Reykjavíkurborgar

Lagt er til að velferðarráð samþykki tillögu um breytingar á reglum um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg sem samþykktar voru á fundi velferðarráðs þann 17. nóvember 2010 og á fundi borgarráðs þann 25. nóvember 2010, með áorðnum breytingum. Kostnaðarauki vegna breytinganna er um 67,1 m.kr. sem ekki er til í fjárhagsramma sviðsins.

Greinargerð:

Lagðar eru fram tillögur er varða breytingar á reglum um fjárhagsaðstoð

Í 21. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, kemur fram að sveitarstjórn skuli setja reglur um framkvæmd fjárhagsaðstoðar. Núgildandi reglur um fjárhagsaðstoð tóku gildi þann 1. janúar 2011 en gerðar hafa verið nokkrar breytingar á reglunum frá þeim tíma hvað varðar grunnfjárhæðir til framfærslu, aðstoð til foreldra vegna barna, húsbúnaðarstyrk og tryggingu vegna húsaleigu. Þá hafa verið gerðar nauðsynlegar breytingar í tengslum við rafvæðingu fjárhagsaðstoðar. Ekki er um að ræða heildarendurskoðun á reglunum heldur er að þessu sinni m.a. um að ræða breytingartillögur til samræmis við tillögur sem samþykktar voru á fundi velferðarráðs þann 4. desember 2019 og fram höfðu komið í áfangaskýrslu hóps um sárafátækt. Þá eru jafnframt lagðar til breytingar á frádrætti vegna tekna þeirra sem ljúka endurhæfingu, breytingar er varða framfærslu til einstaklinga sem stunda nám á framhaldsskólastigi, breytingar á skilyrðum fyrir húsbúnaðarstyrk, breytingar er varða greiðslu sérfræðiaðstoðar og útfararstyrks og breytingar vegna tryggingar húsaleigu. Þá er auk þess um að ræða ýmsar breytingar sem árétta og skýra þá framkvæmd sem nú er viðhöfð og að lokum breytingar er varða orðalag og uppsetningu.

Tillagan var áður lögð fram á fundi velferðarráðs þann 1. apríl 2020 og frestað. Frá þeim tíma hafa verið lagðar til frekari breytingar á reglum um fjárhagsaðstoð og verður gerð grein fyrir þeim helstu í þessu minnisblaði.

Þann 1. október 2018 tóku gildi lög nr. 37/2018 um breytingar á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, með síðari breytingum og höfð er hliðsjón af þeim lagabreytingum við þessar breytingar.

Kostnaðarauki vegna tillögunnar er 67.072.697 kr. sem nánari grein er gerð fyrir í kostnaðarmati er fylgir tillögunni. Kostnaðurinn rúmast ekki innan ramma velferðarsviðs.

Sjá nánar í meðfylgjandi minnisblaði.

Fylgiskjöl:

1. Minnisblað, dags. 26. nóvember 2020.